

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 17/2015**

Kæra Sýningakerfa ehf. á ákvörðun Neytendastofu 10. nóvember 2015.

1. Þann 31. mars 2016 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 17/2015: Kæra Sýningakerfa ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 10. nóvember 2015. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 24. nóvember 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að grípa ekki til aðgerða í tilefni af kvörtun kæranda vegna notkunar Grafíker ehf. á léninu syningakerfi.is. Skilja verður kærana svo að þess sé krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að notkun umrædds auðkennis verði bönnuð.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með erindi kæranda, dags. 6. október 2015, kvartaði fyrirtækið vegna skráningar Grafíker ehf. á léninu syningakerfi.is. Taldi kærandi að með skráningu lénsins hefði Grafíker ehf. brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 5. gr. sömu laga. Var farið fram á að Neytendastofa bannaði fyrirtækinu alla notkun lénsins og legði fyrir fyrirtækið að afskrá það.
5. Í erindinu er rakið að kærandi hafi verið stofnaður árið 1985. Frá upphafi hafi fyrirtækið starfað á sviði útleigu og uppsetningu sýningakerfa fyrir vörukynningar, ráðstefnur og sambærilegar athafnir. Kærandi sé einn af frumkvöðlum og leiðandi á starfssviði sínu. Hafi hann byggt upp vörumerki sitt á 30 árum. Firmanafnið Sýningakerfi ehf. hafi verið skráð í fyrirtækjaskrá í desember 1985 og hafi rekið starfsemi undir því vörumerki æ síðan. Viðskiptavinir kæranda séu bæði erlendir og innlendir aðilar. Kærandi hafi m.a. gert kynningarefni með vörumerki sínu og firmanafni Sýningakerfi.is. Vörumerki kæranda sé skráð „Sýningakerfi, sjáðu hver þú ert“. Þá sé kærandi skráður réttthafi að lénunum syningakerfi.is og syning.is. Kærandi hafi ætíð staðið í þeirri trú að hann væri skráður réttthafi að léninu syningakerfi.is.
6. Fyrirsvarsmaður Grafíker ehf. hafi með tölvubréfi, dags. 24. september 2015, boðið kæranda lénið syningakerfi.is. Kærandi telji að eini tilgangur fyrirtækisins með skráningunni hafi verið að selja kæranda lénið. Af samskiptum kæranda við Grafíker ehf. verði ekki annað ráðið en að fyrirtækið sé í raun svokallaður lénamangari, þ.e.a.s. aðili sem kaupir mikið af lénunum og reyni síðan að gera þau sér að féþúfu. Þetta sé í raun brot á 40. gr. reglna um lénaskráningu hjá Interneti á Íslandi ehf.,

ISNIC, þar sem aldrei hafi verið annar tilgangur hjá rétthafanum en að möndla með skjótvirkum hætti með lénheiti sem væri í samræmi við skráð vörumerki og/eða skráð firmaheiti eins og tilviki kæranda.

7. Háttsemi Grafíker ehf. sé til þess fallin að skapa rugling og skerða samkeppnisstöðu kæranda, einkum þegar litið sé til þess að orðmyndin sýningakerfi hafi ekki verið svo algeng er hann tók upp firmanafnið Sýningakerfi í lok árs 1985. Í gegnum markvissa markaðssókn og uppbyggingu kæranda sé orðmyndin sýningarkerfi orðin viðurkennd og almennt þekkt hér á landi. Það gangi því á svig við góða viðskiptahætti að aðrir aðilar hafi lénið sýningakerfi.is að féþúfu. Þá liggi ljóst fyrir að Grafíker ehf. stuðli að því að aðilar geti gefið villandi upplýsingar um eignarétt og ábyrgð atvinnurekstrar, auk þess sem hætta sé á því að villst verði á notkun lénsins og atvinnurekstri kæranda. Með hliðsjón af ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 49/2010 sem staðfest hafi verið með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2010 sé ljóst að kærandi eigi einkarétt á notkun lénsins. Sé þess því krafist að Grafíker ehf. verði bönnuð notkun eða framsal á umræddu léni til annarra aðila.
8. Með bréfi, dags. 26. október 2015, óskaði Neytendastofa eftir afstöðu Grafíker ehf. til erindis kæranda. Svar barst með bréfi, dags. 2. nóvember 2015, þar sem fram kom að fyrirtækið væri ekki eigandi umrædds léns. Athugun Neytendastofu mun síðan hafa leitt í ljós að þann 30. október 2015 var umrætt lén skráð á Írisi Lind Verudóttur.

### **ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU**

9. Með bréfi til kæranda, dags. 10. nóvember 2015, tilkynnti Neytendastofa að stofnuninni hefði borist tölvubréf Grafíker ehf., dags. 2. nóvember 2015, þar sem fram komi að félagið sé ekki eigandi lénsins sýningakerfi.is og hafi því ekkert að segja um notkun þess. Athugun Neytendastofu hafi leitt í ljós að skráður eigandi lénsins hjá ISNIC sé Íris Lind Verudóttir. Engin starfsemi sé að baki léninu og þannig bendi ekkert til þess að vefsíða að baki léninu sé virk. Í ljósi þessa telji Neytendastofa ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu að svo stöddu.

### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

10. Í kæru, dags. 24. nóvember 2015, eru áréttaðir málavextir svo sem þeim er lýst í kvörtun kæranda til Neytendastofu og hinni kærðu ákvörðun. Bendir kærandi á að núverandi rétthafi lénsins, Íris Lind Verudóttur, hafi verið skráð eftir að Grafíker ehf. hafi fengið bréf frá Neytendastofu vegna kvörtunar kæranda til Neytendastofu. Einnig verði ráðið að núverandi rétthafi sé með skráð lögheimili á sama stað og fyrirsvarsmaður Grafíker ehf. og fyrirtækið sjálft. Þá leiði athugun á internetinu í ljós að þessir tveir einstaklingar séu einnig saman í hljómsveit og tengist frekar nánnum vinaböndum.
11. Ekki skipti máli þótt lénið sýningakerfi.is sé ekki orðið virkt. Augljós tilgangur sé til staðar hjá þeim sem skráði lénið og skráðum rétthafa að gera lénið sér að féþúfu með því að bjóða samkeppnisáðilum kæranda það til kaups þótt ljóst sé að það innihaldi firmaheiti kæranda. Skráning lénsins og boð Grafíker ehf. um kaup á því feli í reynd í sér óréttmæta viðskiptahætti. Þá

sé ljóst að skráning og framsal lénsins til Írisar Lindar Verudóttur hafi ekki verið gerð í lögmætum tilgangi, enda hafi markmið skráningarinnar ekki verið réttmætt. Með hliðsjón af framangreindu sé þess krafist að áfrýjunarnefndin leggi bann við notkun Grafíker ehf., fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og Írisar Lindar Verudóttur við notkun lénsins syningakerfi.is. Einnig sé þess krafist að áfrýjunarnefndin sjái til þess að núverandi réttthafa verði gert að framselja lénið til kæranda gegn greiðslu eðlilegs útlagðs kostnaðar við stofnun lénsins.

12. Með tölvubréfi, dags. 28. nóvember 2015, var óskað eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 9. sama mánaðar, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þar er tekið fram að í hinni kærðu ákvörðun hafi verið á því byggt að engin starfsemi færi fram á umræddu léni og engin gögn hafi verið lögð fram um áform af neinu tagi um notkun eða hagnýtingu lénsins í atvinnustarfsemi. Neytendastofa hefði hingað til vissulega tekið mál til meðferðar þar sem kvartað væri undan skráningu á lénum sem ekki væru í notkun, sbr. t.d. ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010. Í því máli hefðu á hinn bóginn legið fyrir gögn um að réttthafi lénsins væri keppinautur kvartanda. Í fyrirliggjandi máli lægi ekkert slíkt fyrir. Ósennilegt verði að teljast að neytendur komi til með að ruglast á starfsemi kæranda á grundvelli vefsíðu sem ekki sé í notkun og markaðssetningu sem ekki sé til staðar. Af þessum sökum telji Neytendastofa að hafna beri kröfum kæranda í málinu. Að öðru leyti vísi stofnunin til hinnar kærðu ákvörðunar sem og gagna málsins.
13. Með bréfi, dags. 11. desember 2015, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 17. sama mánaðar. Auk þeirra sjónarmiða sem kærandi hafði þegar teft fram er í bréfi hans bent á að Grafíker ehf. sé í samkeppni við kæranda, enda komi m.a. fram á facebook-síðu fyrirtækisins að það starfi á sviði auglýsinga, umbrots, nafnspjalda, bæklinga, logo- og skiltagerðar. Þá vísar kærandi til tölvubréfs fyrirtækisins til kæranda þar sem fram komi að ætlunin sé að selja lénið til aðila sem starfi á sama markaði og kærandi. Af þessu megi ráða að tilgangur og markmið með skráningu á léninu syningakerfi.is sé að nota það til þess að fara í samkeppni við kæranda eða fá út úr honum fé. Í báðum tilvikum sé um að ræða óréttmæta viðskiptahætti. Að mati kæranda sé mál hans hliðstætt máli því sem hafi lyktað með ákvörðun Neytendastofu nr. 49/2010.
14. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 13. og 22. janúar 2016, var Grafíker ehf. og Írisi Lind Verudóttur, nýjum réttthafa lénsins, gefinn kostur á að gera athugasemdir við framkomna kæru. Engin svör bárust.

## **NIÐURSTAÐA**

15. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun að aðhafast ekki í tilefni af kvörtun kæranda vegna notkunar Grafíker ehf. á léninu syningakerfi.is. Telur kærandi að notkun lénsins brjóti í bága við 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Í hinni kærðu ákvörðun er einkum vísað til þess að umrætt lén sé ekki notað í atvinnuskyni og að ekki verði séð að skráning lénsins leiði ein og sér til þess að villst verði á því og auðkennum kæranda.

16. Svo sem fram er komið bauð fyrirtækið Grafíker ehf. þann 24. september 2015 kæranda til sölu lénið syningakerfi.is. Af gögnum málsins verður ráðið að lénið hafi upphaflega verið skráð 2. september 2015 hjá Interneti á Íslandi ehf. Kærandi var á hinn bóginn skráður í hlutafélagaskrá 30. desember 1985 undir heitinu Sýningakerfi ehf. Þá skráði hann lénið syning.is í upphafi árs 2002 og syningarkerfi.is 4. apríl 2006. Verður að miða við að kærandi hafi því um nokkra hríð notað auðkennið Sýningakerfi í atvinnustarfsemi sinni. Fyrir liggur að núverandi réttthafi lénsins syningakerfi.is, Íris Lind Verudóttir, er með skráð lögheimili á sama stað og fyrirtækið Grafíker ehf. og fyrirsvarsmaður þess fyrirtækis. Líkt og áður greinir bauð áfrýjunarnefndin henni að koma að afstöðu sinni til málsins, en ekkert svar barst.
17. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Gildir bannið áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Er nánar tilgreint í III.-V. köflum laganna hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Í V. kafla er kveðið á um það í 15. gr. a. að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Samkvæmt síðari málslíð ákvæðisins er enn fremur sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.
18. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 má rekja allt aftur til laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Þannig er núgildandi ákvæði nánast orðrétt samhljóða 9. gr. fyrrgreindra laga, en í millitíðinni var reglu í þessa veru að finna í lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og samkeppnislögum nr. 8/1993. Var tilgangurinn með ákvæðinu að ná til tilvika sem ekki féllu beint undir ákvæði firmalaga eða laga um vörumerki. Talið var að vernd þeirra laga næði ekki alltaf nógu langt og því væri þörf á slíkri almennri samkeppnisreglu um vernd auðkenna. Í ákvæðinu er um tvenns konar reglur að ræða. Regla fyrri málslíðarins leggur bann við því að aðili noti auðkenni sem hann hefur ekki rétt til, eða auðkenni annarra, en hinn síðari bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra.
19. Auðkenni kæranda, Sýningakerfi og lénin syning.is og syningarkerfi.is, eru ekki hin sömu og lén Írisar Lindar Verudóttur, syningakerfi.is, þó svo að auðkennin séu vissulega eins í öllum grundvallaratriðum. Kemur umræddur málslíður því ekki til skoðunar. Á hinn bóginn kemur til skoðunar hvort notkun á síðastnefnda léninu geti leitt til þess að villst verði á því og auðkennum kæranda, sbr. 2. málslíð 15. gr. a laga nr. 57/2005, en að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður að leggja til grundvallar að auðkenni kæranda séu nægjanlega sérgreind til að njóta verndar umrædds ákvæðis. Ágreiningur málsins lýtur einkum að því hvort skráning á léninu ein og sér geti talist notkun auðkennis í skilningi ákvæðisins þótt ekki hafi verið sett upp sérstök vefsíða á léninu.
20. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 24. mars 2011 í máli nr. 18/2010 sló nefndin því föstu að á grundvelli laga nr. 57/2005 beri að banna fyrirhugaða notkun léna, sem ekki er hafin, ef ljóst er að slík notkun myndi brjóta gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005, auk þess sem gera skuli þeim sem skráður er fyrir viðkomandi léni að afskrá það. Í umræddum úrskurði lá fyrir að skráður réttthafi

hins umdeilda léns var í samkeppni við það fyrirtæki sem kvartaði undan léninu, en í því tilviki voru lénin ekki í notkun. Komst áfrýjunarnefndin að sambærilegri niðurstöðu í úrskurði nefndarinnar 9. nóvember 2015 í máli nr. 9/2015.

21. Svo sem að framan er rakið var lénið syningakerfi.is upphaflega skráð af fyrirtækinu Grafíker ehf. Af gögnum málsins verður ráðið að starfsemi fyrirtækisins felist í grafískri hönnun sem meðal annars lýtur að hönnun auglýsinga, nafnspjalda, bæklinga, vörumerkja og skilta. Á heimasíðu fyrirtækisins, grafiker.is, er einnig fjallað um þá þjónustu sem fyrirtækið býður, en þar er m.a. tilgreind hönnun svokallaðra „sýningakerfa“, þ.e.a.s. eins konar bása sem notaðir eru á ráðstefnum og öðrum þess konar atburðum. Af heimasíðu kæranda, syningakerfi.is, er ljóst að fyrirtækið kemur m.a. að hönnun sambærilegra sýningakerfa og má því með réttu leggja til grundvallar að fyrirtækin séu í samkeppni í hönnun á slíkri aðstöðu. Þá má af samskiptum fyrirtækjanna um sölu á hinu umdeilda léni ráða að Grafíker ehf. hefur haft í hyggju að selja lénið til fyrirtækis sem starfi á sama markaði. Í ljósi þess að lénsheitið er í raun hið sama og firmaheiti kæranda, svo og tengsla skráðs réttthafa lénsins við forsvarsmann Grafíker ehf., sem er í samkeppni við kæranda, verður að telja að möguleg notkun á léninu muni brjóta gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005. Með vísan til þessa og fyrirnefndra úrskurða áfrýjunarnefndarinnar er það mat nefndarinnar að skráning á léninu syningakerfi.is á nafn Írisar Lindar Verudóttur feli í sér brot á 15. gr. a laga nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005 verður henni bönnuð notkun lénsins auk þess sem henni verður gert að afskrá það.

### **ÚRSKURÐARORÐ:**

Írisi Lind Verudóttur er bönnuð notkun lénsins syningakerfi.is. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir dagsetningu þessa úrskurðar. Skal Íris Lind á þeim tíma afskrá lénið hjá Interneti á Íslandi ehf.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Egill Heiðar Gíslason